

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Textílmennt

Bekkur/hópur: 5. bekkur

Kennari: Kristín Karólína Bjarnadóttir

Tímabil: ágúst - maí 2025

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið við lok 7. bekkjar aðalnámskrár eru lögð til grundvallar

Handverk, aðferðir og tækni

- * beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- * fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum
- * unnið með einföld snið og uppskriftir
- * þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkamanum rétt við vinnu sína

Sköpun, hönnun og útfærsla

- * Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- * notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar á textíl
- * Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum
- * nýtt helstu miðla til að afla upplýsingar um textíl

Menning og umhverfi

- * Fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni
- * gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruafna og gerviefna
- * sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir
- * gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum

Námsmat

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins

Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðallega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemendanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

ágúst - nóvember

Verkefni	Aðferð	Markmið
Hekl	Læra grunn í hekli	* Læra að gera loftlykkjur *Læra grunnhekl
Velja sér hekl verkefni	fá val um nokkur létt hekl verkefni	*æfa sig að fara eftir leiðbeiningum * Læra að lesa uppskriftir

desember

Piparkökukall	Taka upp snið af piparköku kalli, skreyta og sauma saman	*Læra að taka upp snið * æfa sig í að skreyta * æfa sig að sauma
---------------	--	--

janúar-mars

Prjón	Læra grunn í prjóni	*Læra uppfit * læra slétt og brugðið * geta farið eftir leiðbeiningum
Velja sér prjóna verkefni	Fá val um nokkur létt prjónaverkefni	*æfa sig að fara eftir leiðbeiningum * geta farið eftir uppskrift

apríl/maí

Prjón eða hekl verkefni	Velja sér prjón eða hekl uppskrift og fara eftir henni	*Þjálfast í að fara eftir uppskrift
-------------------------	--	-------------------------------------